

Aðalfundur FHB haldinn 13.11 2021 í fjarfundarbúnaði af völdum Covid

Dagskrá fundarins :

Fundarsetning og skipan starfsmanna

Ávörp gesta.

Skýrsla formanns/stjórnar - Sveinn Steinarsson, formaður

Reikningar 2020 - Vignir Sigurðsson, gjaldkeri

Umræða um skýrslu stjórnar og reikninga.

Kjörbréfanefnd skilar álit

Horses of Iceland – Jelena Ohm.

Elsa Albertsdóttir, Ræktunarleiðtogi Íslands.

Tillögur frá aðildarfélögum.

Unnsteinn Snorri Snorrason félagskerfisbreytingar BÍ.

Tillaga stjórnar um sameiningu við BÍ

Umræða og afgreiðslur tillagna.

Önnur mál.

Fundarslit eða frestun fundar.

Hádegishlé kl 12:30.

Áætluð fundarlok 16:30

1. Sveinn setti fundinn og skipaði starfsmenn fundarins og lagði til Unnstein Snorra sem fundarstjóra og Eysteinn Leifsson ritara.

2. Unnsteinn Snorri Snorrason ávarpaði fundinn f.h Bændasamtakanna þar sem formaðurinn var við fundarferð í Danmörku þar sem hann hitti m.a fulltrúa dönsku bændasamtakanna.

3. Sveinn Steinarsson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemi félagsins á yfirstandandi ári, taldi hann hana hafa gengið frekar vel þrátt fyrir áhrif af Covid faraldri, nefndi hann í því sambandi að kynbótasýningar hafi gengið vel og útflutningur hrossa í sögulegu hámarki.

4. Vignir Sigurðsson gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins

Fundarstjóri fór yfir kjörgengi þeirra sem mætt voru til fundarins áður en til atkvæðagreiðslu kæmi. 14 fulltrúar mættir auk stjórnar, en Vignir, Jón Bjarni og Heiðrún eru einnig fulltrúar sinna sambanda.

5. Enginn hvatti sér hljóðs v/skýrslu stjórnar né reikninga sem síðan voru bornir til atkvæða og voru samþykktir samhljóða.

7. Jelena Ohm kynnti starfsemi Horses of Iceland og þá stefnumótunar vinnu sem Íslandsstofa hefur verið í og hvaða áhrif sú vinna hefur á starf HOI. Eins og ávalt er margt um að vera í verkefninu. Jelena greindi líka frá því að unnið sé að því að fá endurnýjaðan samning við ríkið en samningurinn sem í gildi er mun renna út um áramót og þá má segja að verkefnið sé í ákveðnu biðstöðu en forsenda þess að þetta verkefni geti haldið áfram er aðkoma ríkissins.

Margir tóku til máls og lýstu yfir mikilli ánægju með verkefnið og mikilvægi þess að verkefnið haldi áfram og að nýr samningur við yfirvöld náist til 4ra ára.

9. Engar innsendar tillögur lágu fyrir fundinum.

10. Unnsteinn Snorri kynnti þær breytingar sem orðnar eru á félagskerfi bænda. Breytingarnar sem byggja á beinni aðild að Bændasamtökunum hafa verið talsvert í umræðunni, hafa verið kynntar fyrir stjórn og formönnum og svo félagsmönnum í haustfundaferð formans. Að auki var haldin aukafundur á Hellu sem steymt var frá. Unnsteinn lagði áherslu á í sinni kynningu að ýmislegt varðandi þær breytingar sem verið væri að kynna þyrfti að láta reyna á og bregðast við ef þurfa þykir. Eins og kynnt hefur verið mun félagsgjald að BÍ verða veltutengt og í tilfelli hrossabænda þá verður byggt á bústofnsverðmati annarsvegar og hinsvegar tekjum af t.a.m hagagöngu og seldum folatollum. Þessi leið er valin þar sem ljóst er að mikil verðmætasköpun verður þegar hross eru taminn, sýnd öðlast keppnisárangur o.s.frv.

Formaður tók til máls og þakkaði Unnsteini fyrir kynninguna og lagði enn og aftur áherslu á að mikilvægt væri að kynna vel þær breytingar sem orðið hafa á BÍ og þau tækifæri sem liggja í breytingunum. En fyrir fundinum liggur að taka afstöðu gagnvart þeirri breytingu að Félag hrossabænda verði í raun að deild í Bændasamtökunum.

Sigríkur þakkaði kynninguna og taldi breytingarnar miklar, mikilvægt að hafa í huga að deildin héldi tengingum við grasrótina, mikill kostur að aðalfundir FHB verða opnir öllum félögum í staðin fyrir að fundurinn væri fulltrúafundur eins og það er í dag.

Guðrún Stefánsdóttir sagði Skagfirðinga einhuga um að ganga til liðs við B.Í beint þar sem heildarhagsmunir bænda eru í húfi og við þurfum að vinna saman sem sterkari heild, en þeir stefna á að halda sínu starfi áfram og telja það mikilvægt að starf sé heima í héraði.

Kristinn Guðnason tók í sama streng og lagði áherslu á að félagsstörfin heima í héraði þurfa að vera góð og drifkraftur sé í þeim.

Formaður tók undir með fundarmönnum og taldi að m.a. árleg fundarferð væri nauðsynleg til að halda tengslum við grasrótina.

11. Unnsteinn kynnti útreikninga á bak við félagsgjald að B.Í.

Sveinn kynnti tillögu stjórnar FHB að beinni aðild að B.Í sem hljómar svona:

Tillaga á aðalfund Félags hrossabænda 13.nóv 2021.

Aðalfundur Félags hrossabænda 2021, samþykkir að starfsemi og félagatal Félags hrossabænda sameinist Bændasamtökum Íslands frá og með 1. Janúar 2022 og myndi búgreinadeild hrossabænda innan Bændasamtaka Íslands. Sameining verði án slita félagsins og á grundvelli samþykktu Bændasamtaka Íslands frá 10.júní 2021.

Uppbygging búgreinadeildar hrossabænda í BÍ.

Lagt er til að Félag hrossabænda starfi áfram á grundvelli nýrra samþykktu og að núverandi sjóðir og eignir þess muni áfram verða í eigu félagsins. Hrossabændur sem ganga í Bændasamtök Íslands kjósi stjórn fyrir það félag sem annast hlutverk þess. Tilgangur sameiningar félagsins við Bændasamtök Íslands er að ná fram aukinni skilvirkni og eflingu á hagsmunagæslu og framförum fyrir íslenskan landbúnað, bæði einstakar búgreinar og sem heild. Jafnframt eru vonir bundnar við að auðveldara og ódýrara verði að halda uppi öflugri hagsmunagæslu þar sem allar búgreinar sameinast á einum vettvangi.

Starf og markmið hrossabænda verða skilgreind í nýjum uppfærðum samþykktum/lögum deildar hrossabænda (verða teknar fyrir á framhalds aðalfundi í des. 2021) í samræmi við breytt hlutverk þess innan BÍ. Mikilvægt er að deild hrossabænda hafi beina þátttöku í umsjón og rekstri Worldfengs sem er ofur mikilvægur í framgangi hrossaræktarstarfsins.

Kristinn benti á að mikilvægt væri að FHB ætti sinn fulltrúa í stjórn WF til að hafa þar bein áhrif og tók formaður undir þetta með honum.

Fundarmenn veltu fyrir sér hvað yrði um fjármuni félagsins og því komið á framfæri að sá sjóður verður varðveittur innan félagsins til ákveðinna verkefna en ekki til reksturs félagsins

Tillaga stjórnar varð lögð til atkvæðagreiðslu og var samþykkt samhljóða.

12. Kristinn spurði út í stöðu mála varðandi kynbótamatið, Sveinn svaraði því sem hann gat í fjarveru Elsu og taldi að niðurstöður þess ættu að vera klárar um helgina.

Sigríkur spurði hvort vinna væri hafin í vinnslu á hugtakabók sem samþykkt var á seinasta aðalfundi, Sveinn sagði að ákveðið hefði verið í umfjöllum fagraðs að unnið verði að hugtakabók/skýringum í framhaldi að uppfærslu sem þarf að verða á WF og verði vistuð þar.

Sveinn tók til máls og sagði að stjórn muni þá vinna að inngöngu í Bændasamtökin í samstarfi við Guðnýju Helgu á Bessastöðum, Helga Eggertsson á Kjarri og Hrafnkel Karlsson á Hrauni. Unnin verða drög að breytingum á samþykktum Félags hrossabænda og búin til drög að samþykktum fyrir deild hrossabænda í BÍ. Stefnt er að því að halda framhalds aðalfund eftir u.þ.b. 2-3 vikur. Stefnt er að staðfundi ef aðstæður leyfa.

Að lokum þakkaði Sveinn fundarmönnum fyrir fundarsetu og góð störf og sleit fundi.

Framhalds aðalfundur FHB haldinn 11.12 2021 í fjarfundarbúnaði af völdum Covid